

**1992 nr. 120 31. desember****Lög um Kjaradóm og kjaranefnd****I. kafli. Um Kjaradóm.**

■ **1. gr.** Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

□ Hæstiréttur skipar tvo dómendur. Skal annar þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins. Tveir dómendur skulu kosnir af Alþingi og fjármálaráðherra skipar einn dómanda. Sömu aðilar skipa varadómendur. Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

□ Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

■ **2. gr.** Kjaradómur ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, [þingfararkaup samkvæmt lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað],<sup>1)</sup> launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, héraðsdómara, biskups Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkissátta-  
manna, ríkissaksóknara [. . . ]<sup>2)</sup> og umboðsmanns barna.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/1995, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 85/1997, 18. gr. <sup>3)</sup> L. 70/1996, 56. gr.

■ **3. gr.** Kjaradómur aflar sér af sjálfsdádum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

■ **4. gr.** Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

■ **5. gr.** Við úrlausn mála skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Enn fremur skal Kjaradómur taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

■ **6. gr.** Kjaradómur skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

□ Kjaradómur skal við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfskyldna umfram dagvinnu. Hann úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

□ Enn fremur skal Kjaradómur hafa hliðsjón af þeim hlunnindum og réttindum sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttindum og ráðningarkjörum.

■ **7. gr.** Kjaradómur skal setja kjaranefnd, sbr. II. kafla laga þessara, meginreglur um úrskurði nefndarinnar.

**II. kafli. Um kjaranefnd.**

■ **8. gr.** Kjaranefnd skal skipuð þremur mönnum. Kjaradómur tilnefni tvo nefndarmenn og fjármálaráðherra skipar einn og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu valdir með sama hætti.

□ [Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, annarra en þeirra sem taldir eru upp í 2. gr., lögreglumanna, tollvarða og fangavarda, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]<sup>1)</sup> [Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör heilsugæslulækna og prófessora, enda verði talið að þeir gegni þeim störfum að aðalstarfi.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr. <sup>2)</sup> L. 150/1996, 6. gr.

■ **[9. gr.]<sup>1)</sup>** Kjaranefnd aflar sér af sjálfsdádum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embætt-

ismönnum. Skulu embættismenn m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem störfum þeirra fylgja.

□ Talsmönnum þeirra sem undir úrskurðarvald kjaranefndar falla, svo og ráðuneytum vegna embættismanna og stofnana sem undir þau heyra, skal gefinn kostur á að leggja fram skriflegar eða munnlegar greinargerðir vegna þeirra mála sem til úrlausnar eru. Nefndin getur og heimilað einstökum embættismönnum að reifa mál sitt fyrir nefndinni.

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr.

■ **[10. gr.]<sup>1)</sup>** Við ákvörðun launakjara skal kjaranefnd gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum hjá þeim sem hún fjallar um, að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar og að samræmi sé milli þeirra og þeirra launa hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga eða Kjaradóms.

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr.

■ **[11. gr.]<sup>1)</sup>** [Kjaranefnd skal ákvarða föst laun fyrir dagvinnu og kveða á um önnur starfskjör. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Við ákvarðanir sínar getur nefndin tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags sem starfinu fylgir.]<sup>1)</sup>

□ Kjaranefndin skal og taka tillit til kvaða sem störfunum kunna að fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem þeim fylgja, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara.

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr.

**III. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **[12. gr.]<sup>1)</sup>** Kjaradómur og kjaranefnd skulu taka mál til meðferðar þegar þeim þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þeirra tekur til.

□ Eigi sjaldnar en árlega skulu Kjaradómur og kjaranefnd meta það hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem þeir ákveða.

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr.

■ **[13. gr.]<sup>1)</sup>** Kostnaður við Kjaradóm og kjaranefnd, þar á meðal laun dómenda og nefndarmanna eftir ákvörðun fjármálaráðherra, skal greiddast úr ríkissjóði.

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr.

■ **[14. gr.]<sup>1)</sup>** Lög þessi öðlast þegar gildi.

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.****■ I. . . .**

□ Ákvæði laga þessara breyta ekki efni skriflegra kjarasamninga sem gerðir hafa verið við einstaklinga sem undir lögina falla fyrir gildistöku þeirra nema þeim sé sagt upp með löglegum fyrirvara.

□ Leiði úrskurður samkvæmt lögum þessum vegna ákvæða 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 12. gr. til þess að þegar áunninn eftirlaunaréttur einstaklings í starfi, eða þess sem tekur eftirlaun sem miðast við slíkt starf, breytist til lækkunar skal viðkomandi halda þeim rétti sem hann hefur þegar áunnið sér. Lífeyrir, eins og hann er samkvæmt þeim rétti, skal taka breytingum í hlutfalli við breytingar á meðaldagvinnulaunum sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum frá fyrsta úrskurði samkvæmt þeim.

**■ [II. . . . ]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 70/1996, 56. gr.